

65. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINN Í LAUGARDAL
27. apríl 2023

Þingskjal nr: 2023 – 10

Tillaga frá Sundfélagi Akranes fyrir sundþing 2023:

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum Sundsambands Íslands
([Lög og reglugerðir SSÍ okt 2022.pdf \(sundsamband.is\)](#)) II. KAFLI – Almenn ákvæði.
Breytingar eru lagðar til á köflum nr. 7.2.2 og 7.2.3. Það sem lagt er til að falli út er
yfírstrikað en það sem lagt er til að bætist við er rauðmerkt.

Lög Sundsambands Íslands

II. KAFLI – Almenn ákvæði Sundsambands Íslands

7.2 – Félagsaðild og félagaskipti

Allir keppendur í sundíþróttum skulu skráðir hjá SSÍ undir fullu nafni m.v. þjóðskrá og kennitölu.

7.2.1

Keppendur, sem keppt hafa sl. tvö ár, í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik geta skipt um félag innanlands hvenær sem er á keppnistímabilinu. Keppnisrétt öðlast viðkomandi með sínu nýja félagi þó ekki fyrr en 30 dögum eftir að skrifleg tilkynning um félagaskipti hefur borist skrifstofu SSÍ á þar til gerðum eyðublöðum. Einnig er hægt að senda blaðið í tölvupósti.

7.2.2 Félagaskipti eru aðeins lögleg að formaður stjórnar, sunddeildar eða yfirþjálfari þess félags er keppandinn hverfur frá, votti með undirskrift sinni að keppandinn sé skuldlaus félaginu. Staðfesting í tölvupósti frá fyrrgreindum aðilum telst ígildi undirritunar. Sinni fyrrgreindir aðilar ekki beiðnum keppanda eða fyrirspurnum frá SSÍ með sannarlegum hætti hefur stjórn SSÍ heimild til að samþykkja félagaskiptin. Verði ágreiningur um skuld getur fráfarandi félag ekki krafist hærri gjalda en sem nemur einu almannaksári. ~~Ekki er hægt að keppa sem gestur meðan á félagaskiptum stendur.~~ **Á meðan félagaskipti stendur getur sundmaður keppt undir merki þess félags sem gengið er úr.**

7.2.3 Keppendur í í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik sem eru ~~12~~ **16** ára og eldri greiða umsýslugjald fyrir félagaskipti sem rennur óskipt til SSÍ. Umsýslugjaldið er tilgreint í verðskrá SSÍ á hverjum tíma. Greiðsla skal berast til SSÍ samhliða tilkynningu um félagaskipti.

Tilkynning um félagaskipti hlýtur ekki gildi hjá SSÍ nema umsýslugjald hafi verið greitt.

Greinargerð:

65. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
27. apríl 2023

Þingskjal nr: 2023 – 10

Í íþróttum er mikilvægt að hafa í fyrirrúmi það sem er einstaklingunum fyrir bestu og á það sérstaklega við þegar um börn er að ræða. Í lögum Sundsambands Íslands eru ákvæði um keppnisbann vegna félagaskipta sem geta komið sér illa fyrir börn sem flytjast á milli félaga t.d. vegna búferlaflutninga. Það er vandséð hver er tilgangur með keppnisbanni fyrir börn. Í nágrannalöndum okkar Noregi og Svíþjóð er heimilt að keppa fyrir gamla félagið á meðan á félagaskiptum stendur og börn 12 ára og yngri geta strax hafið keppni fyrir nýja félagið þegar félagaskipti eru tilkynnt.

Akranesi 30. mars 2023

Kjell Wormdal,
framkvæmdastjóri Sundfélags Akraness